

Ed.

487. Frumvarp

til laga um mannanöfn.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

1. gr.

Hver maður skal heita einu íslensku nafni eða tveim og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla æfi.

2. gr.

Ættarnafn má enginn taka sjer hjer eftir.

3. gr.

Peir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, mega halda þeim alla æfi. Sama er og um þá erlenda menn, sem til landsins flytjast.

4. gr.

Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rjett eru að lögum íslenskrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sje fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

5. gr.

Nú hefir maður blotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.

6. gr.

Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100 til 500 kr., og skulu þær sektir allar renna til unglingskólahalds í sýslum landsins. Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög nr. 41, 10. nóvember 1913, eru numin úr gildi, svo og önnur lagaákvæði, er komið geta í bága við lög þessi.